

4. október 2011

4. mál Fundargerð borgarráðs frá 22. september
Fundargerð borgarráðs frá 29. september
- 9. liður; samskipti skóla við trúar- og lífsskoðunarhópa

Júlíus Vífill Ingvarsson: Forseti, ágætir borgarfulltrúar. Ég kveð mér hér hljóðs vegna þess máls sem hér kemur til atkvæðagreiðslu og það eru semsagt tillögur mannréttindaráðs um samskipti leik- og grunnskóla og frístundaheimila borgarinnar með trúar- og lífsskoðunarfélaga sem endurspeglaði margt það sem að verið hefur að gerast í Reykjavíkurborg frá því að Samfylkingin og Besti flokkur hófu meirihlutasamstarf í borgarstjórn. Rauði þráðurinn sem gengur í gegnum allt og hefur verið einkennandi fyrir þennan meirihluta er skortur á pólitískum þroska, þroska til að hafa samráð, eiga samtal, ná friðsamlegum niðurstöðum, sækja ráð til þeirra sem best þekkja, njóta þess að eiga samræður við borgarbúa og fræðast af þeim. Þessi pólitíski þroski er ekki til í meirihluta Besta flokks og Samfylkingar. Hvert málið á fætur öðru hefur komið inn á borð borgarráðs þar sem allt er komið í hnút; særindi, vantraust og reiði. Og í öllum tilfellum er rauði þráðurinn að borgarbúum finnst þeir algjörlega sniðgengnir. Það eru ekki einu sinni veitt viðtöl, ekki einu sinni haldnir sjálfsagðir samráðsfundir. Jafnvel tölvupóstum frá borgarbúum er ekki svarað sem er þó lágmarkskurteisi.

Ég hef verið í meirihluta og veitt forstöðu stórum ráðum og ég veit að það er ekki svona erfitt að hleypa að nútímalegum vinnubrögðum, eðlilegum lýðræðislegum leiðum, en það þarf pólitískan þroska, vilja. Og vilji er ekki hér til staðar. Það nægir að nefna í þessu sambandi eina mestu sneypuför sem farin hefur verið á vettvangi borgarinnar en það var sameining grunnskóla, leikskóla og frístundaheimila. Þarna var verkefni sem var gullið tækifæri til þess að ræða við skólasamfélagið, foreldra, nemendur, kennara, skólastjórnendur og fræðimenn og hlusta á þeirra hugmyndir – vinna úr þeim og komast að sameiginlegri niðurstöðu. Í stað þess að óska eftir tillögum frá þeim mikla fjölda sem myndi taka þátt í að móta skólastarfið í borginni og finna leiðir til þess að spara var málið unnið ofan frá og niður og algjörlega án nokkurs sambands borgarfulltrúa meirihlutaflokkanna í borgarstjórn við sjálfa borgarbúa og skólasamfélagið.

Ég verð að segja eins og það er að ég skammaðist mín fyrir það hvernig að þessu var staðið, þótt að ég ætti engan þátt í þessu sjálfur og hafði reynt af einurð að

4. október 2011

benda formanni menntaráðs á það, meðal annars hér í borgarstjórn, í hvaða ógöngur þetta allt saman stefndi. Skammaðist ég mín engu að síður fyrir það að vera hluti af borgarstjórn sem stóð svo illa að málum. Það var niðurlægjandi fyrir alla borgarstjórn jafnvel þótt það hafi verið einungis meirihlutflokkar hennar sem fóru í þessa vegferð. Fundir í hverfum borgarinnar voru lítillækkandi fyrir formann menntaráðs, formann ÍTR og borgarstjóra. Mér er sannarlega engin þægð í því að borgarstjórn sé sett niður með þessum hætti, en framhjá því verður ekki horft að meirihlutinn kallaði þessa stöðu yfir sig með sínum starfsaðferðum.

Tillögur mannréttindaráðs um samskipti leik- og grunnskóla og frístundaheimila borgarinnar við trúar- og lífsskoðunarfélög eru af nákvæmlega sama meiði. Þær eru settar fram án samráðs eða minnstu tilraunar til að leita sátta í þessu viðkvæma máli. Allur ferill málsins ber með sér að það átti að þvinga fram niðurstöðu alveg sama hvað tautaði og raulaði. Ég frábið borgarbúum slík vinnubrögð. Tillögur fulltrúa Samfylkingar, Besta flokks og Vinstri grænna sem settar voru fram í mannréttindaráði um samskipti leik- og grunnskóla og frístundaheimila borgarinnar við trúar- og lífsskoðunarfélög mættu strax harðri andstöðu meðal borgarbúa. Þær voru settar fram án faglegs undirbúnings, voru illa unnar og báru merki alvarlegra fordóma í garð trú- og lífsskoðunarfélaga. Alveg sérstakt umhugsunarefni er að slíkar tillögur hafi komi frá því ráði sem hefur það hlutverk að standa vörð um mannréttindi. Í skýrslu menntasviðs frá árunum 2007 um samstarf kirkju og skóla stendur, með leyfi forseta: „Aðalatriði að mati hópsins er eins og fram kemur í tillögunum að samstarfið byggji á skilningi og virðingu fyrir hlutverki hvors annars. Hvernig samstarfið mótast er í valdi hvers skóla, leik- og grunn-, og þeirra stofnana sem þeir eiga samstarf við. Það er með öðrum orðum ekki mælt með miðstýringu heldur að mið sé tekið af aðstæðum í hverjum skóla, enda eru skólar borgarinnar margbreytilegir og samsetning nemenda ólík.“

Tillögur um trúar- og lífsskoðunarmál í grunnskólum borgarinnar einkenndust af miðstýringu, þess sem skín í gegn sá forneskjulegi hugsunarháttur forræðishyggjunnar að treysta ekki. Treysta ekki skólastjórnendum og foreldrum til þess að taka ákvarðanir um samskipti við trúar- og lífsskoðunarfélög. Fulltrúar

4. október 2011

Samfylkingar, Besta flokks og Vinstri grænna í mannréttindaráði sendu tillögur sínar til umsagnar velferðarráðs, íþróttá- og tómstundaráðs og menntaráðs. Tilmælum um að taka upp víðtækt samráð var einhliða hafnað. Umsagnir fagráðanna þriggja voru fyrirsjáanlegar og meira og minna fyrirfram gerðar. Augljóslega hefði átt að taka upp samvinnu við foreldra, skóla, nemendur, fræðimenn, þjóðkirkju, trúar- og lífsskoðunarfélög, en ákafinn bar skynsemina ofurliði. Ráðið samdi samskiptareglur fyrir 39 grunnskóla og frístundaheimili og 64 skóla án þess að hafa til þess vald. Reglurnar áttu að ná til 21 þúsund reykvískra barna en í öllum ákafanum láðist mannréttindaráði að skoða hvort það væri yfirleitt innan þess verkssviðs að setja yfir 100 skólastofnunum í borginni reglur með þessum hætti [forseti hringir bjöllu]. Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins óskuðu eftir ítarlegu svari borgarlögmans [forseti hringir bjöllu]. Og nú er sem sagt tími minn liðinn, þó ég hafi nú reynt að fara eins hratt með ræðu mína og ég mögulega gat, en ég mun óska eftir að fá að taka aftur til máls hér á eftir.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Júlíus Vífill Ingvarsson lokið máli sínu. Næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson.

4. október 2011

4. mál Fundargerð borgarráðs frá 22. september
Fundargerð borgarráðs frá 29. september
- 9. liður; samskipti skóla við trúar- og lífsskoðunarhópa

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég kveð mér hljóðs um reglur um skólastarf í Reykjavík og trúar- og lífsskoðunarmál sem nú koma til kasta borgarstjórnar eftir langa umfjöllun á vettvangi mannréttindaráðs, umsagnir þriggja ráða og síðan meðhöndlun borgarráðs í sumar. Þetta er raunar í fyrsta skipti að ég held sem borgarstjórn tekur þetta mál til umfjöllunar á þeim langa tíma sem að það hefur verið til umfjöllunar, en það getur þó verið að mig misminni. Ég vil nota tækifærið, kannski þvert á þessa löngu ræðu Júlíusar Vífils Ingvarssonar borgarfulltrúa, og þakka þeim sem hafa komið að þessari umræðu, bæði innan mannréttindaráðs en líka utan mannréttindaráðs, þeim þremur ráðum sem fengu þetta til umsagnar, því að ég held að mjög margir hafi hér lagt gott til og að það megi sjá á reglunum að þar hefur, þvert á það sem hér er haldið fram úr ræðustóli af borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, einmitt verið hlustað eftir viðhorfum til að skýra það sem misskilið var og þó er ég ekki að halda því fram að um þetta mál verði kannski nokkurn tímann allir á eitt sáttir.

Því að þetta mál er bæði umdeilt í samfélaginu og vekur upp mjög heitar og sterkar tilfinningar og það verðum við einfaldlega bara að viðurkenna, en umgangast það líka af þeirri virðingu sem að viðkvæm umfjöllunarefni eins og þetta kalla á. Styrkurinn í þessu máli er að allir nánast sem komið hafa að umræðunni eru sammála um tvö meginprinsipp. Í fyrsta lagi að trúboð eigi ekki heima í skólum. Og í öðru lagi að það sé skynsamlegt að setja reglur um samspil skólastarfs og trúar- og lífsskoðunarfélaga. Síðan hefur þessi langi ferill gengið út á það að reyna að útfæra reglur þannig að haldi og skiljist og taki á þeim prinsippum sem að skólasamfélagið vill innleiða, en um leið virði almennt safnaðarstarf og gott æskulýðsstarf kirkjunnar í hverfum borgarinnar. Og ég held að það hafi tekist ágætlega í þeim reglum sem hér eru núna til samþykktar, en það má segja að það sé viðurkennt að enn séu ekki allir á eitt sáttir með því ákvæði að setja upp sérstakan hóp eða óska eftir því að skóla- og frístundasvið setji upp sérstakan hóp sem taki út reynsluna af reglunum eftir fyrsta veturinn.

4. október 2011

Ég er ekki sammála því sem fram kom hjá Júlíusi Vífli Ingvarssyni borgarfulltrúa að þetta hafi verið vondar umræður eða óæskilegar á einhvern hátt. Ég held að það hafi þvert á mótum jafnvel þó að ýmis stór orð sem voru látin falla hefðu mátt missa sín, en þá held ég að þetta hafi í grunninn verið góð umræða fyrir samfélagið og umræða sem þurfi að vera uppi á öllum tímum því að trúarbrögð eru eitt af því sem gefur lífinu gildi og innihald fyrir mjög marga, en skólinn lýtur líka sínum eigin lögmálum og það þarf að virða þau. Og það jafnvægi sem að æskilegt er að ná vona ég að endurspeglis í þeim reglum sem hér eru bornar upp til samþykktar.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson lokið máli sínu. Og næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Júlíus Vífill Ingvarsson.

4. október 2011

4. mál Fundargerð borgarráðs frá 22. september
Fundargerð borgarráðs frá 29. september
- 9. liður; samskipti skóla við trúar- og lífsskoðunarhópa

Júlíus Vífill Ingvarsson: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Já, það er lítill tími í ræðustól í þessari umræðu, þannig að ég ætla að bregðast strax við því sem að borgarfulltrúinn Dagur B. Eggertsson sagði þar sem hann taldi mig hafa haldið því fram að þetta væri vond umræða, ég hef aldrei sagt það. Þetta er ekki vond umræða, þetta er ágætisumræða en upplegg hennar er alrangt. Það er illa að þessu verki staðið frá upphafi og það er einnig alrangt hjá borgarfulltrúanum að það hafi verið viðhaft samráð, það var ekkert samráð viðhaft – bara ekki neitt. Það var óskað eftir samráði frá fjölda fólks, hvort sem það var út skólum eða frá trúfélögum, kirkjum, frá bara hinum og þessum sem höfðu áhuga á þessu máli. En sínum var ekki svarað, tölvupóstum var ekki svarað.

Og borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins óskuðu eftir ítarlegu svari borgarlögmanns um það hvort að það hefði verið rétt eða eðlileg vinnubrögð af hálfu mannréttindaráðs að taka frumkvæði í þessu máli með þeim hætti sem gert var. Svar borgarlögmanns gæti ekki verið skýrara. Þar kemur fram að mannréttindaráð gegni stefnumarkandi hlutverki á sviði mannréttinda og hafi eftirlit með framkvæmd mannréttindastefnunnar. Í svari hans stendur meðal annars, með leyfi forseta: „Hins vegar verði ekki talið að innan þess eftirlitshlutverks falli almennt að mannréttindaráð setji einstökum sviðum og stofnunum Reykjavíkurborgar bindandi reglur um framkvæmd einstakra verkefna eða geri tillögur til borgarráðs þar um. Með því móti væri almennt gengið gegn því frumkvæðishlutverki sem fagråd borgarinnar hafa samkvæmt samþykktum borgarinnar.“ Borgarlögmaður bendir í svari sínu á að hlutverk mannréttindaráðs sé að vekja athygli á því að ef það telur að fyrirkomulag og skipulag kennslu- og skólastarfs sé ekki í samræmi við mannréttindastefnu borgarinnar. Hann segir síðan, með leyfi forseta: „Heildstæð reglusetning um fyrirkomulag kennslu, samskipti skóla, trúfélaga og lífsskoðunarhópa féll hins vegar utan umboðs mannréttindaráðs. Breytir það engu þótt mannréttindaráð hafi sent drög að slíkum reglum til umsagnar mannréttindaráðs og íþróttaráðs.“

4. október 2011

Mannréttindaráð fór semsagt út fyrir valdsvið sitt. Fulltrúar þess fóru um allt með báli og brandi en féllu á því að bera litla virðingu fyrir eiginlegu verkefni sínu, sem er að standa vörð um mannréttindi og það verkefni er ærið. En það liggur fyrir að þau höfðu ekki umboð til þess að drottna yfir góðum siðum í skólakerfi borgarinnar. Maður spyr sig: hver er þekking þeirra fulltrúa sem sitja í mannréttindaráði? Það er leitun að öðrum eins fyrirgangi. Í vegferð ráðsins var farið á svig við samþykkt Reykjavíkurborgar og mannréttindastefnan notuð sem skjól til þess að ráðið gæti tekið sér vald sem það hefur ekki.

Forseti, ég spyr oddvita meirihlutflokkanna hvort pólitísk Samfylking verði skálkaskjól fulltrúa meirihlutans í mannréttindaráði. Ber enginn og mun enginn bera ábyrgð á þessu? Það er af hinu góða að fjalla um samskipti skóla og trúar- og lífsskoðunarhópa, það var gert í formannstíð minni í menntaráði, slík vinna getur leitt til þess að settar verði reglur um samskipti. En reglur verða að taka mið af því hversu fjölbreytilegir skólar borgarinnar eru og samsetning nemenda ólík. Umfram allt má slík vinna ekki mótast af andúð og fordómum. Hún þarf að mótast af umburðarlyndi og virðingu. Borgarráð fékk þennan kaleik og samdi samskiptareglur við trúar- og lífsskoðunarfélög. Þær hafa tekið nokkrum jákvæðum breytingum frá upphaflegum tillögum mannréttindaráðs en eru þó unnar án þess að stofnað hafi verið til umræðu og samráðs við þau sem láta sig málin varða. Og þau eru fjölmörg eins og póstar til borgarfulltrúar bera vitni um.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins í borgarráði greiddu atkvæði gegn tillögunni og munu einnig gera það hér í borgarstjórn.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Júlíus Vífill lokið máli sínu. Og þá veitir borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson andsvar við ræðu borgarfulltrúans. Fyrirgefið þið, ég bið afsökunar á þessu, þá tekur til máls Dagur B. Eggertsson.

4. október 2011

4. mál Fundargerð borgarráðs frá 22. september
Fundargerð borgarráðs frá 29. september
- 9. liður; samskipti skóla við trúar- og lífsskoðunarhópa

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu mikið en bara undirstrika, því að hér var verið að vísa í umsögn borgarlögmans eða svar við fyrirspurnum Sjálfstæðisflokksins, að kjarninn í því var að það væri eðlilegt þegar um reglur af þessu tagi væri að ræða, að þær kæmu endanlega til kasta borgarráðs og þá borgarstjórnar ef að ágreiningur yrði í borgarráði. Og minn skilningur hefur nú verið sá að það hafi verið hugmyndin allan tímann. Þar sem að þarna reyndi meðal annars á lög um grunnskóla og það efast enginn um sem sagt kennivald eða úrskurðarvald skóla- og frístundasviðs eða skóla- og frístundaráðs á því sviði, og mér finnst þetta svona hluti af einhverskonar pólitískum leik eða orðaleik til þess einhvern veginn að reyna að gera mannréttindaráð eitthvað ótrúverðugt eða tala niður til þess, eins og hér er sannarlega gert úr þessum ræðustól og mér finnst það ekki aðalefni málsins heldur hvernig þessi umræða hefur þroskast og reglurnar.

Og ég vil bara ítreka þakkir bæði til mannréttindaráðs en líka þeirra sem hafa brugðist við og fært fram sín rök og í þessu efni hafa fulltrúar meirihlutans í mannréttindaráði og borgarráði og allir reynt að leiða fram þetta mál til góðrar niðurstöðu á grundvelli þess sem sagt hefur verið og færð hafa verið rök fyrir, frekar en að við höfum verið að eltast við upphrópanir eða hvað þá að stunda einhverjar skeytasendingar, eins og hér er boðið upp á.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson lokið máli sínu. Næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Marta Guðjónsdóttir.

4. október 2011

4. mál Fundargerð borgarráðs frá 22. september
Fundargerð borgarráðs frá 29. september
- 9. liður; samskipti skóla við trúar- og lífsskoðunarhópa

Marta Guðjónsdóttir: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Þessi tillaga sem að hér liggur fyrir ber vott um trúnaðarrest. Hún ber vott um trúnaðarrest gagnvart skólastjórum og kennurum. Meirihlutinn treystir augljóslega ekki þessum aðilum til að standa vörð um mannréttindi nemenda sinna og forráðamanna þeirra við núverandi skipan. Ég er sannfærð um að skólastjórar og kennarar í Reykjavík brjóta ekki á mannréttindum nemenda sinna eða forráðamönnum þeirra. Þeir eru upp til hópa víðsýnt, vel menntað og vel meinandi fólk sem leggur sig fram við það að standa vörð um velferð og réttindi sinna skjólstæðinga.

Auk þess tel ég afar mikilvægt að skólar borgarinnar séu sem sjálfstæðastir. Þeir skapi sér sérstöðu á eigin forsendum með frumkvæði eigin starfsfólks og myndi þannig fjölbreytni í skólastarfi. Það er því engin þörf á þeim skilyrðingum á reykvísku skólastarfi sem tillagan gerir ráð fyrir. Þessi tillaga er ekki það sáttaboð sem forráðamenn hennar reyna að telja okkur trú um. Þar tala viðbrögðin við henni skýrustu máli. Hún er þvert á móti stríðsyfirlýsing við íslenskt samfélag, menningu þess, sögu og tungu. Alvarlegustu afleiðingar þessarar tillögu gætu ýtt undir tortryggni og andúð á nýbúum samfélagsins. Við skulum vona að svo verði ekki, enda eiga þeir engan þátt í þessari illa ígrunduðu tillögu mannréttindaráðs.

Og að lokum langar mig að spyrja formann borgarráðs að því hvernig hann ætlar að meðhöndla jafnræðisreglu stjórnisýslulaganna þegar að það kemur að félagasamtökum. Við skulum gera okkur grein fyrir því hér í þessum sal að trúfélög og lífsskoðunarfélög eru félagasamtök og munu þau ekki sitja við sama borð og önnur félagasamtök í borginni þegar að kemur að samstarfi við skóla.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Marta Guðjónsdóttir lokið máli sínu. Og þá veitir borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson andsvar við ræðu hennar.

4. október 2011

4. mál Fundargerð borgarráðs frá 22. september
Fundargerð borgarráðs frá 29. september
- 9. liður; samskipti skóla við trúar- og lífsskoðunarhópa

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Jafnræði verður að sjálfsögðu virt og það er grundvallaratriði í þessum reglum. Ég vil í raun frábiðja mér stóryrðin sem að fram komu um vantraust eða hvað þá stríðsyfirlýsingar sem í þessum reglum felast og einfaldlega spyrja borgarfulltrúann þeirrar einföldu spurningar hvort að honum sé ekki kunnugt um það að árið 2007 kom út skýrsla leikskóla- og menntasviðs Reykjavíkur um samstarf kirkju og skóla. Í hópi skýrsluhöfunda voru fulltrúar frá öllum hlutaðeigandi aðilum skólastofnunum borgarinnar, Biskupsstofu og Alþjóðahúsi, og ein af meginniðurstöðum hópsins var sú að móta þyrfti skýrar starfsreglur um samskipti trúar- og lífsskoðunarhópa og skóla Reykjavíkurborgar.

Þannig, með öðrum orðum, hefur legið fyrir í 4 ár skýr sýn allra þessara aðila á að reglur þyrfti, þær liggja nú fyrir eftir töluverða yfirlegu og ekkert tilefni til þess að úthrópa einn eða neinn fyrir það að vinna þessar reglur. Þvert á móti, þarna er verið að fylgja því eftir sem ákveðið var eftir samtal og yfirlegu árið 2007 og hefði líklega betur verið gert fyrir.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson lokið við að veita andsvar. Þá svarar andsvari borgarfulltrúi Marta Guðjónsdóttir.

4. október 2011

4. mál Fundargerð borgarráðs frá 22. september
Fundargerð borgarráðs frá 29. september
- 9. liður; samskipti skóla við trúar- og lífsskoðunarhópa

Marta Guðjónsdóttir: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Spurningu formanns borgarráðs er hægt að svara auðveldlega og hann hefur greinilega ekki kynnt sér þessa skýrslu nægilega vel eða jafnvel misskilið hana, vegna þess að þar kemur ekki fram að við eigum með einu pennastriki að setja einhverjar miðlægar reglur fyrir alla skóla þegar kemur að samstarfi kirkju og trúfélaga og lífsskoðunarfélaga. Þannig að ég held að Dagur B. Eggertsson formaður borgarráðs ætti að lesa skýrsluna aftur og endurmeta afstöðu sína að þeim lestri loknum.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Marta Guðjónsdóttir lokið við að svara andsvari. Þá veitir andsvar öðru sinni borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson.

4. október 2011

4. mál Fundargerð borgarráðs frá 22. september
Fundargerð borgarráðs frá 29. september
- 9. liður; samskipti skóla við trúar- og lífsskoðunarhópa

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Nú getur verið að ég sé að misskilja borgarfulltrúann en það stendur mjög skýrt í þessari skýrslu að ein af meginniðurstöðum hennar sé sú að móta þurfi skýrar starfsreglur um samskipti trúar- og lífsskoðunarhópa og skóla Reykjavíkurborgar. Varla túlkar borgarfulltrúinn þessa niðurstöðu þannig að gera eigi sérstakar reglur fyrir hvern og einn skóla?

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson lokið við að veita andsvar öðru sinni. Þá svarar andsvari öðru sinni borgarfulltrúi Marta Guðjónsdóttir.

4. október 2011

4. mál Fundargerð borgarráðs frá 22. september
Fundargerð borgarráðs frá 29. september
- 9. liður; samskipti skóla við trúar- og lífsskoðunarhópa

Marta Guðjónsdóttir: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég ætla ekki að fara í orðhengilshátt hér. En það stendur alveg skýrt í þessari skýrslu, borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson, að þetta skuli vera á forsendum skólanna. Að skólarnir móti þessar reglur hver á sinn hátt og þá í samræmi við það skólasamfélag sem að stendur að hverjum skóla fyrir sig, en ekki að það sé verið að taka miðlægar ákvarðanir með einu pennastriki af örfáum fulltrúum í mannréttindaráði Reykjavíkurborgar sem eiga að gilda fyrir alla skóla eins í Reykjavík.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Marta Guðjónsdóttir lokið við að svara andsvari öðru sinni. Þá hefur borgarfulltrúi Júlíus Vífill Ingvarsson óskað eftir því að veita stutta athugasemd.

4. október 2011

4. mál Fundargerð borgarráðs frá 22. september
Fundargerð borgarráðs frá 29. september
- 9. liður; samskipti skóla við trúar- og lífsskoðunarhópa

Júlíus Vífill Ingvarsson: Forseti, ágætir borgarfulltrúar. Bara svo að menn séu ekki hér að ræða þvers og kruss án þess að fara raunverulega í þann texta sem að stendur í þeirri skýrslu sem að vitnað er til. Ég ætla bara að lesa hann orðrétt, með leyfi forseta: „Aðalatriðið að mati hópsins er eins og fram kemur í tillögunum að samstarfið byggir á skilningi og virðingu fyrir hlutverki hvors annars, hvernig samstarfið mótast er í valdi hvers skóla, leik- og grunn-, og þeirra stofnana sem þeir eiga samstarf við.“ Svo mörg eru þau orð, gjörið svo vel.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Júlíus Vífill Ingvarsson lokið við að veita stutta athugasemd. Næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir.

4. október 2011

4. mál Fundargerð borgarráðs frá 22. september
Fundargerð borgarráðs frá 29. september
- 9. liður; samskipti skóla við trúar- og lífsskoðunarhópa

Sóley Tómasdóttir: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég vil nú bara fagna þessum reglum og fagna því að við séum loksins að ganga frá þessu máli. Ég get ekki tekið undir það að hér sé um stríðsyfirlýsingu að ræða, það er miklu frekar verið að koma til móts við ákall foreldra sem um langt skeið hafa mjög margir óskað eftir því að settar verði skýrar reglur um þessi mál. Margir foreldrar í Reykjavík telja alltof mikil afskipti hafa verið inni í skólastarfi af hálfu trúfélaga, þannig að þetta er engin stríðsyfirlýsing frekar en fyrirkomulagið sem áður var haft, heldur er miklu frekar verið að setja hér reglur. Og ég get ekki fallist á það heldur að það sé ekki mannréttindaráðs að setja þessar reglur, kannski er það þannig samkvæmt núverandi samþykktum, en þá er það fullt tilefni til þess að við tökum upp samþykktirnar til endurskoðunar. Vegna þess að eigi mannréttindaráð að hafa einhverja stöðu í reykvísku stjórnkerfi að þá verður það að minnsta kosti að geta gert tillögu um reglur telji ráðið þörf á því að setja reglur til að stuðla að mannréttindum í Reykjavík. Það hlýtur, eðli málsins samkvæmt, að verða þá lagfært ef að það reynist rétt að í samþykktum borgarinnar sé því ekki heimilt að gera tillögu að reglum og leggja fyrir borgarráð. Ég get bara ekki ímyndað mér að það sé rétt, en það er þá bara eitthvað sem verður skoðað í framhaldinu.

Ég held að það sé líka mjög mikilvægt að mannréttindaráð og kjörnir fulltrúar setji þessar reglur og samþykki þær miklu, miklu frekar heldur en að það sé hverjum skólastjóra í sjálfsvald sett að ákveða hvort og þá hvernig samskiptunum skuli háttað, enda mikilvægt að öll börn í Reykjavík fái sambærilega þjónustu og sambærilegan aðgang að þeirri fræðslu sem þessi mál snúast um. Það skiptir máli að þetta sé allt saman samræmt og þetta held ég að sé bara hin ljómandi fína niðurstaða. Þessar reglur hafa tekið talsverðum breytingum frá því að þær voru kynntar fyrst, þær hafa verið lengi í kerfinu og það hafa komið ótrúlega margar athugasemdir sem reglurnar hafa verið aðlagðar að. Kannski er það rétt að það hafi ekki verið haldnir samráðsfundir eða óskað eftir umsögnum eða boðað til funda með einhverjum formlegum hætti og það má þá bara vel taka á því ef að svo er. Ég sit ekki sjálf í mannréttindaráði og þekki ekki hvernig vinnan var. En ég held að það sé alveg ljóst að þessar reglur eru ávöxtur mjög mikils samtals sem

4. október 2011

hefur átt sér stað og ég held að það sé mjög gott fyrir reykvískt skólakerfi og reykvísk börn að nú liggi þetta ljóst fyrir og ég veit það að það eru mjög margir foreldrar sem að fagna.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir lokið máli sínu. Fleiri hafa ekki kvatt sér hljóðs og 9. liður er því hér borinn upp [forseti hringir bjöllu]. Þeir borgarfulltrúar sem samþykka úr fundargerð borgarráðs frá 22. september; 9. lið, gefi merki. Einhverjir á móti? Hann telst því samþykktur með, já, fulltrúar Sjálfstæðisflokksins hafa boðað bókun og má biðja ykkur um að tilkynna hana núna. Gjörið svo vel. Liðurinn telst því samþykktur með 10 atkvæðum gegn 5.

4. október 2011

4. mál Fundargerð borgarráðs frá 22. september
Fundargerð borgarráðs frá 29. september
- 9. liður; samskipti skóla við trúar- og lífsskoðunarhópa

Júlíus Vífill Ingvarsson: Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórn óska eftir að bókað verði eftirfarandi:

Með afgreiðslu borgarstjórnar á tillögu að reglum um samskipti leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila við trúar- og lífsskoðunarfélög lýkur langri og óskemmtilegri sögu þessa máls innan borgarkerfisins. Allur ferill málsins hefur einkennst af þekkingarleysi á stjórnsýslu og virðingarleysi gagnvart skólasamfélaginu og þeim fjölmörgu sem hafa boðið fram krafta sína í þeim tilgangi að ná sátt í þessu viðkvæma máli. Lögfræðilegt álit borgarlögmanns þess efnis að meirihluti mannréttindaráðs hafi farið út fyrir valdsvið sitt með því að setja leikskólum, grunnskólum og frístundaheimilum samskiptareglur undirstrikar bráðlæti meirihlutans í þessu máli en því miður lítinn sem engan áhuga mannréttindaráðs á vönduðum nútímalegum vinnubrögðum. Hefur meirihluti mannréttindaráðs haft af þessu lítinn sóma. Þær reglur sem borgarstjórn hefur nú samþykkt hafa tekið nokkrum jákvæðum breytingum frá upphaflegum tillögum meirihluta mannréttindaráðs en eru þó unnar án þess að stofnað hafi verið til umræðu og samráðs við þá sem láta sig málið varða. Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins greiða þess vegna atkvæði gegn tillögunni.

Forseti: Þá erum við komin í fimmta lið ... Já, fulltrúar Samfylkingarinnar og Besta flokksins vilja lesa upp bókun sína.

4. október 2011

4. mál Fundargerð borgarráðs frá 22. september
Fundargerð borgarráðs frá 29. september
- 9. liður; samskipti skóla við trúar- og lífsskoðunarhópa

Óttarr Ólafur Proppé: Þá kynni ég bókun, frú forseti, ástkæra borgarstjórn, kynni bókun borgarfulltrúa Besta flokksins, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna. Hún er svohljóðandi:

Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar var samþykkt árið 2006. Hún kveður á um að íbúum verði ekki mismunað á forsendum kyns, efnahagsstöðu, uppruna, fötlunar, aldurs eða stjórnmalaskoðana. Undanfarin ár hefur markvisst verið unnið að framförum á sviði mannréttinda hjá borginni og hefur verulegur árangur náðst í auknu kynjajafnrétti, í réttindum samkynhneigðra og málefnum innflytjenda. Mannréttindastefnan kveður einnig á um að borgarbúum skuli ekki mismunað eftir lífs- og trúarskoðunum. Árið 2007 kom út skýrsla leikskóla- og menntasviðs Reykjavíkur um samstarf kirkju og skóla. Í hópi skýrsluhöfunda voru fulltrúar frá öllum hlutaðeigandi aðilum; skólastofnunum borgarinnar, Biskupsstofu og Alþjóðahúsi. Ein af meginniðurstöðum hópsins var sú að móta þyrfti skýrar starfsreglur um samskipti trúar- og lífsskoðunarhópa og skóla Reykjavíkurborgar. Til grundvallar þessum reglum liggur sá vilji að tryggja rétt barna til þátttöku í skólastarfi óháð þeirri trúar- og lífsskoðun sem þau alast upp við. Upplýst fræðsla um kristna trú, trúarbrögð heimsins, lífsskoðanir, siðfræði, heimspeki og íslenska menningu, er mikilvæg í öllu starfi skóla borgarinnar.

Forseti: Þá erum við komin í 5. lið á dagskrá þessa fundar og það eru fundargerðir forsætisnefndar frá 30. september, fundargerð íþrótt- og tómstundaráðs frá 23. september, fundargerð mannréttindaráðs frá 13. september, fundargerð menningar- og ferðamálaráðs frá 26. september, fundargerð skipulagsráðs frá 28. september, fundargerð skóla- og frístundaráðs frá 28. september og fundargerðir velferðarráðs frá 15. og 22. september. Kjartan Magnússon hefur óskað eftir að taka til máls undir þessum lið.